

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Tillaga til bæjarráðs um stofnun nýsköpunarsmiðju í bókasafni Mosfellsbæjar

**Dags:** 18. nóvember 2024

**Málsnúmer:** 202206539/13.0

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

### Tillaga:

Lagt er til að tillögu um að komið verði á fót nýsköpunarsmiðju í bókasafni Mosfellsbæjar sem atvinnu- og nýsköpunarnefnd vísaði til bæjarráðs verði vísað til umsagnar menningar-, íþróttá- og lýðheilsusviðs.

### Greinargerð:

Á 18. fundi atvinnu- og nýsköpunarnefndar þann 12. nóvember 2024 var samþykkt með meirihluta atkvæða að samþykkja tillögu um stofnun nýsköpunarsmiðju í Bókasafni Mosfellsbæjar. Í tillögunni var jafnframt lagt til að nefndin vísaði málinu til frekari meðferðar í bæjarráði.

Í tillögu til atvinnu- og nýsköpunarnefndar kemur fram að eftir skoðun á valkostum staðsetningar þá var nýsköpunarsmiðja í bókasafni Mosfellsbæjar metinn fýsilegasti valkosturinn. Nýsköpunarsmiðja sem viðbót við starfsemi bókasafnsins muni efla og útvíkka ennfrekar starfsemi þess. Bókasafnið er á forræði Mosfellsbæjar og gefur þannig sveitarfélaginu tækifæri til að setja nýsköpunarsmiðjuna upp eftir þörfum þess, áherslum og fjármagni. Jafnframt muni sú staðsetning tryggja gott aðgengi leik- og grunnskólabarna bæjarins og ýta undir og styðja við að fjölbreytt nýsköpunarstarf sé í boði í öllum skólum bæjarins. Með sama hætti myndi nýsköpunarver í bókasafninu tryggja best greiða aðkomu almennings, atvinnulífs og frumkvöðla að nýsköpunarsmiðjunni.

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir að nýsköpunarsmiðju verði komið á fót í bókasafni Mosfellsbæjar er lagt til að málinu verði vísað til umsagnar menningar-, íþróttá- og lýðheilsusviðs, en starfsemi safnsins heyrir undir sviðið.

*Virðingarfyllt,  
Regína Ásvaldsdóttir*

### Fylgiskjal:

- Tillaga lögð fyrir atvinnu- og nýsköpunarnefnd um nýsköpunarsmiðju í bókasafni Mosfellsbæjar, dags. 8. nóvember 2024.